

152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal 254 — 164. mál.
3. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinnna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (vísitölur á fjármálamarkaði og upplýsingagjöf til fjárfesta).

Frá Guðrúnu Hafsteinsdóttur.

Við 3. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Framangreind undanþága tekur til vaxta-
viðmiðana vegna gjaldmiðla sem eru birtar af stjórnendum viðmiðana vegna viðkomandi
gjaldmiðla.

Greinargerð.

Seðlabanki Íslands hefur vakið athygli á að rétt sé að takmarka leyfilega virka vexti vaxta-
viðmiðunar við vaxtaviðmiðun sem birt er af stjórnanda (e. Benchmark Administrator) vegna
þeirrar myntar sem viðkomandi vaxtaviðmiðun taki til. Er því lagt til að það verði sérstaklega
tilgreint í 3. gr.